



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 12. júlí 2022
22067603/033.03 PBM

Efni: Umsögn til bæjarráðs

Á fundi bæjarráðs þann 7. júlí s.l. var vísað til undirritaðs eftirfarandi fyrirspurn Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur, bæjarfulltrúa, um kaup Kópavogsbæjar á veitingum:

„Fyrirspurn um kaup Kópavogsbæjar á veitingum á meirihlutafundum

Óska eftir upplýsingum um hvort bæjarfulltrúar Framsóknar og Sjálfstæðisflokks hafi fengið pantaðar veitingar á kostnað Kópavogsbæjar á meirihlutafundi. Ef svo er, hvaða heimild er fyrir slíkum kaupum?“

Undirrituðum er kunnugt um að í eitt skipti, þann 22. júní s.l., voru keyptar samlokur frá Lemon fyrir hádegisfund bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í bæjarstjórn Kópavogs, sem haldinn var í bæjarstjórnarsalnum. Fundurinn var undirbúningsfundur fyrir fyrsta fund bæjarráðs á kjörtímabilinu, sem haldinn var fimmtudaginn 23. júní s.l. Þar sem um hádegisfund var að ræða var ákveðið að kaupa veitingar á þennan tiltekna fund.

Undirrituðum er ekki kunnugt um að keyptar hafi verið veitingar í fleiri skipti á þessu kjörtímabili fyrir tilvitnaðan hóp.

Virðingarfyllst,

Pálmi Þór Músson
bæjarritari